Nd. **406. Lög**

um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 20 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.